Wartburg

Austur-þýzki lúxusbíllinn

EFTIRSÓTTASTA BIFREIÐIN AUSTAN TJALDS

Margra mánaða afgreiðslufrestur til fjölmargra landa



Sterkasti fólksbíllinn á markaðinum

Hann er byggður á grind, með þriggja hestafla tvigengisvél (gamla Saab-vélin). Gormar á öllum hjólum og bíllinn því dúnmjúkur.
Eiginleikar bílsins í lausamöl og á holóttum vegi eru frábærir.
Væntanlegir í marz bæði Sedan og Station, sem er mjög rúmgóður og bjartur.



Verð — miðað við gengi í dag:
Sedan kr. 1.395.000 — til öryrkja 1.025.000,
Station kr. 1.545.000 — til öryrkja 1.145.000.

Sýningarbíll á staðnum

TRABANT/WARTBURG UMBOÐIÐ

Vonarlandi við Sogaveg — Símar 8-45-10 & 8-45-11

Wartburg



Ingibjörg Kaldal gengur frá myndum föður síns fyrir sýninguna. Tímamynd: Gunnar.

Ljós '78 — Jón Kaldal heiðursgestur

SKJ—„Hér sýnum við og seljum myndir, en ekki nafn eða ramma" sögðu ljósmyndararnir sem unnu í gær að því að setja upp sýningu sína, Ljós '78 sem opnuð var í gær á Kjarvalsstöðum og stendur til 28. febrúar. Uppsetning sýningarinnar er nokkuð óvenjuleg, því ljósmyndararnir setja myndir sínar ekki upp, heldur festa þær beint á veggina með teiknibólum. Sýningin verður nokkuð tvískipt, því myndir heiðursgestsins, Jóns Kaldal, verða settar upp eins og á klassiskri ljósmyndasýningu.
Við uppsetningu sýningarinnar var reynt að undirstrika andstæðurnar milli ljósmyndaranna, myndir Jóns Kaldal voru settar upp á skilrúmin í salnum, en myndir þeirra Kjartans Kristjánssonar, Gunnars S. Guðmundssonar og Pjeturs Þ. Maack á útveggina.

„Kaldal" nær fram ótrúlegum áhrifum og beitir aðferðum sem honum einum eru kunnar", sagði Pjetur Maack er hann var beðinn að gera stutta grein fyrir heiðursgesti sýningarinnar. Pjetur kvað handbragð Jóns á stækkunum einstakt, og verðugt verkefni að gera myndum hans skil á sýningu. Flestar myndir Jóns Kaldals voru á einkasýningu hans 1966, en það var fyrsta sýning ljósmyndara á Íslandi.

Jón starfaði sem ljósmyndari frá 1925 í hart nær fimmtíu ár, og hlaut fálkaorðuna fyrir ljósmyndun.

Myndir Jóns hafa verið til sýnis á Museum of Modern Art í New York og kvaðst Pjetur telja árangur Kaldals í leik að ljósi jafnast á við það sem bezt gerðist í málaralist. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða 90 myndir eftir Jón Kaldal.

Sýningin Ljós 78 er fjórða sýning Pjeturs, Gunnars og Kjartans, og sýna þeir nú samtals 120 myndir. Pjetur fæst nær eingöngu við að ljósmynda vatn, myndir Kjartans eru flestar tengdar mannlífinu, en Gunnar fæst við landslag og smámótíf úr náttúrunni. Myndir þeirra fást hver í 10 tölusettum eintökum og eru seldar á 10 þúsund krónur. Allt er stækkað á plastpappír sem auðveldar umgengni við myndirnar og gerir kleift að hengja þær upp með teiknibólum. Leggja þeir þremenningarnir áherzlu á að ljósmyndin sé fyrst og fremst skreytilist en vilja leyfa hverjum og einum að setja myndirnar upp og innramma eftir því umhverfi sem henni er síðar ætlað. Ljósmyndararnir taka ekki ákvörðun um uppsetningu fyrir kaupandann og gefa honum um leið frjálsari hendur í því efni.

GÓLFSLÍPI-VÉLAR



STOW ESTABLISHED 1875

Léttar – meðfærilegar – viðhaldslitlar

Góð varahlutaþjónusta.

bb co Þ. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúla 16 · Reykjavík · sími 38640

